



Félag náms- og starfsráðgjafa

F E B R Ú A R 2 0 1 6

F
R
É
T
T
A
M
O
L
I

Frá seinasta stjórnarfundum...

- Ákveðið var að gefa út stuttan fréttamola á ca. mánaðarfresti.
- Stjórnin hefur sótt um styrki til að halda endurmenntunarnámsskeið í sumar fyrir félagsmenn.
- Vonandi hefur Soffía gjaldkeri ekki þurft að senda ykkur póst, hún er um þessar mundir að innheimta seinustu félagsgjöldin.
- Stjórnin fagnar því hversu margir hafa tekið þátt í umræðum á Facebook síðunni.
- Vinnan við stéttarfélagsmálin er í fullum gangi og verður komin einhver niðurstaða úr þeirri vinnu á aðalafundinum í apríl.
- Ársfundur NFSÍ norræna samstarfsins verður haldinn í apríl. Fulltrúar FNS mæta á fundinn sem fulltrúar frá Finlandi hafa boðað til.
- Undirbúningsvinna vegna kjarasamninga Félags framhaldsskólakennara er að hefjast. Búið er að boða fulltrúa kjaranefndar framhaldsskóla FNS á fundinn.
- Mikil þörf er fyrir að auka sýnileika stéttarinnar. Tillaga er að koma af stað ímyndar- og kynningarnefnd og vonum við að áhugasamir félagsmenn taki vel í það.
- Hægt er að lesa fundargerðir stjórnar á fns.is.

Hvetjum þá félagsmenn sem eiga eftir að sækja um löggildingu til ráðuneytisins að drífa í því - höldum vörð um lögverndaða starfsheitið okkar!

Fræðslunefnd...

Fræðslunefnd skipulagði áhugaverða kynningu á HR 4. febrúar þar sem rektor skólans fór yfir námsframboð og áherslur stofnunarinnar. Gréta náms- og starfsráðgjafi kynnti svo hvað hennar deild er að gera í skólanum og sýndi okkur nýju aðstöðuna þeirra.

Næsti viðburður verður föstudaginn **11. mars þegar Vinnumálastofnun býður félagsmönnum í heimsókn.** Náms- og starfsráðgjafar stofnunarinnar verða með kynningu á starfsemi, boðið verður upp á léttar veitingar.